

Djúpavogshreppur  
Páll Jakob Líndal  
Bakka 1  
765 Djúpvogur

Reykjavík 8. júní 2020  
UST202005-082/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 – ljósleiðari.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps er barst 7. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna tillögu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að breyta legu ljósleiðara frá Stekkjarhjáleigu um Hamarsfjörð, Álftafjörð og Starmýrardal að sveitarfélagamörkum í suðri.

#### **Lagning í sjó**

Tillagan gerir ráð fyrir að ljósleiðarinn liggja í Henglavíkum og í greinargerð kemur fram að framkvæmdir geta eftir atvikum verið háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á að lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna eru nánari upplýsingar um málsmeðferð vegna umsókna. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að óheimilt er að reka, eiga eða leggja sæstreng eða neðansjárleiðslu án þess að hafa áður fengið til þess þær heimildir sem tilgreindar eru í 4. gr. reglugerðarinnar.

#### **Sérstök vernd**

Umhverfisstofnun bendir á að strengleiðin liggur m.a. um votlendi og leirur sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá afmörkun svæða sem falla undir sérstaka vernd á síðu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) [www.serstokvernd.ni.is](http://www.serstokvernd.ni.is)

Lögnin mun m.a. liggja í leirum í Henglavíkum, í votlendi neðan Arabólshjalla og við Knarrarósá og í votlendi norðan við Litla-Krossanes og við Steinvatn.

Í greinargerð kemur fram að það er mat framkvæmdaraðila að þverun leira í Henglavíkum og röskun votlendis á norðanverðu Melrakkanesi sé vænlegri kostur en mikil fleygun og/eða sprengingar á klettabeltum.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Í greinargerð kemur fram að lögð skal rík áhersla á að allar framkvæmdir falli vel að landi og skal umhverfisraski haldið í lágmarki. Þá skal vandað vel til frágangs að framkvæmdum loknum og skal staðargróður notaður til uppgræðslu eins og kostur er, t.a.m. með því að geyma svarðlag til að leggja aftur yfir. Auk þess kemur fram að Djúpavogshreppur leggur sérstaka áherslu á að vandað verði til allra þátta er snúa að lagningu ljósleiðara um verndarsvæði og viðkvæm vistsvæði. Á það við um framkvæmdirnar sjálfar og frágang að þeim loknum.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufríbærni sem verða fyrir röskun.

### **Bakkagróður**

Þar sem strengurinn þverar ár eins og Selá bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Í greinargerð kemur fram að Djúpavogshreppur leggur sérstaka áherslu á að vandað verði til allra þátta er snúa að lagningu ljósleiðara um verndarsvæði og viðkvæm vistsvæði. Á það við um framkvæmdirnar sjálfar og frágang að þeim loknum.

### **Fuglalíf**

Strengleiðin mun liggja um og við Álftafjörð sem er á náttúruminjaskrá og auk þess er fjörðurinn á tillögu NÍ að framkvæmdaráætlun B-hluta náttúruminjaskrá. Samkvæmt heimasíðu NÍ eru í firðinum víðáttumiklar leirur og sjávarfítjar sem eru alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður vaðfugla á fartíma, einkum þó jaðrakans að vori. Fjöldi álfta á fjaðrafellitíma nær líka alþjóðlegum verndarviðmiðum.

Í greinargerð kemur fram að uppbyggingin mun hafa tímabundin áhrif á fuglalíf en óveruleg og afturkræf sé horft til lengri tíma. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 4. mgr. 17. gr. náttúruverndarlaga skal hafa sérstaka aðgát við varplönd fugla.

Umhverfisstofnun telur því æskilegt að haft verði samráð við fagaðila eins og NÍ og/eða Náttúrustofu Austurlands varðandi leiðir til að neikvæðum umhverfisáhrifum í lágmarki m.t.t. fuglalífs.

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur